

Ed.

438. Frumvarp

til laga um kaup landsstjórnarinnar á sild.

Frá hjargráðanefnd.

1. gr.

Af sild þeirri, er innlendir menn veiða hjer við land á tímabilinu frá 15. júlí til 15. september 1918, heimilast landsstjórninni að kaupa 100 þúsund áfylltar tunnur á tilteknum höfnum með ákvæðisverði og þeim skilmálum, er lög þessi að öðru leyti ákveða.

2. gr.

Sildin skal keypt því ákvæðisverði, er hjer greinir:

Fyrri 50000 tunnurnar á 75 aura hvert kg. og síðari 50000 tunnurnar á 45 aura hvert kg.

Skilyrðin fyrir kaupunum eru þessi:

- a. að seljandi hafi fulla ábyrgð á sildinni þangað til hún er tekin á viðkomandi höfn, haldi henni við með þæklun og hafi fulla umsjón með henni, alt án endurgjalds, til ársloka 1918. Eftir þann tíma er sildin á ábyrgð kaupanda, en seljendur eru skyldir til að hafa á höndum umsjón og viðhald sildarinnar, gegn borgun eftir reikningi, er stjórnin samþykkir, en geymslupláss leggur seljandi til ókeypis.
- b. að seljendur annist á eigin kostnað útskipun á sildinni og greiði útflutningsgjald af henni að lögum.
- c. að sildin sje metin og vegin, svo sem lög standa til, á kostnað seljanda.

3. gr.

Sildin sje keypt á þessum stöðum: Seyðisfirði, Eyjafirði, Siglufirði, Reykjarfirði, Önundarfirði og Ísafjarðarkaupstað. Enn fremur getur landsstjórnin gert kaupin á fleiri höfnum, ef það veldur eigi sjerstökum erfiðleikum eða aukakostnaði, t. d. Eskifirði, Álftafirði og Ingólfsfirði.

4. gr.

Sildin skal keypt af hinum ýmsu frambjóðendum, i rjettum hlutföllum við tunnueign þeirra, eins og hún var hjer á landi 1. júní þ. á.

Þegar ákveðin er hlutdeild frambjóðenda i sölunni, koma — auk framleiðenda — þeir einir sildar kaupendur til greina, sem hafa greitt minst 20 krónur fyrir máltunnu nýrrar sildar.

5. gr.

Fyrir 15. júlí 1918 skulu menn hafa sagt til um það, hvort þeir óski að nota þann rjett til sildarsölu, sem þeim er veittur með lögum þessum, og hve miklar tunnubirgðir þeir bafa átt hjer á landi 1. júní þ. á.

Fyrir sama tíma setur landsstjórnin og auglýsir nánari reglur um framkvæmd laga þessara og skilyrði gagnvart seljendum, svo sem henni þykir nauðsyn til.

6. gr.

Verð sildarinnar greiðist seljendum hlutfallslega eftir tunnutali því, sem kaup eru gerð á, jafnótt og landsstjórnin hefir fengið verð fyrir sild, er hún selur út. Nú hefir hún eigi fengið inn í lok októbermánaðar svo mikið, að nemi helmingi af innkaupsverðinu, og skal hún þó eigi að síður greiða seljendum fyrri helming verðsins að fullu og síðari helminginn fyrir árslok.

7. gr.

Nú verður að lokum, þá er landsstjórnin hefir komið í verð allri þeirri sild, er hún hefir keypt samkv. 1. gr., hagnaður af sildarkaupunum, eftir að dreginn er frá kostnaður og vaxtatap, og skiftist sá hagnaður þannig: $\frac{3}{4}$ hagnaðarins greiðast til seljendanna, en afgangurinn rennur í landssjóð.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Efni frumvarps þessa er að mestu tekið úr álitsskjali, er sildveiðaútgerðarmenn hjer úr Reykjavík og Hafnarfirði, ásamt fulltrúum sildveiðaútgerðarmanna á Norður- og Vesturlandi, hafa samið og sent stjórninni og bjargráðanefndum þingsins til athugunar og eftirbreytni.

Nefndunum dylst það alls ekki, að hjer sje um allþýðingarmikinn atvinnuveg að ræða, atvinnuveg, sem kominn er á þann rekspól, að telja má mjög verulegt tjón fyrir þjóðina, ef hann biði svo stórkostlegt skipbrot nú þegar, eins og útlit er fyrir, ef ekki er eitthvað gert til þess að koma í veg fyrir það, og reynt sje að halda honum á floti, þangað til þeir timar koma aftur, sem sildveiðarnar geta án opinberrar tilhlutunar borið sig sjálfar og gefið sildveiðamönnum og þjóðinni í heild verulegan arð.

Það dylst heldur engum, að útflutningsleyfi það, er vjer höfum fengið, — að eins á 50000 tunnum — er allsendis ófullnægjandi til þess að bjarga sildveiðamönnum yfirleitt, ef ekki finnast fleiri leiðir til útflutnings og notkunar á sild en þessi eina, sem svo mjög er takmörkuð. Það eitt út af fyrir sig getur að eins stutt þá til áframhalds á sildveiðunum, sem sist þurfa stuðnings með — þá sem sterkastir eru —, en hinir, sem efnalitlir verða að teljast, geta alls ekki reist rönd við, því að liggja með tugi eða hundruð þúsunda kr. í tunnum, salti, skipum, veiðarfærum, húsum, bryggjum og sildarpöllum, ónotað árum saman, og afleiðing þess hruns, sem af því gæti stafað, hlyti að koma þungt niður á fleirum en sildveiðaútgerðarmönnum sjálfum, svo sem bönkunum, vinnulýð þeim, sem sildarvinnuna stunda, þjóðarúinu í

heild og landssjóðnum sjálfum, bæði nú þegar og einkum fyrstu árin eftir að heimsstyrjöldinni linnir.

En hjer eru góð ráð dýr, og vjer getum ekki ætlað landssjóði að bæta úr þessu að fullu, eða að eins miklu leyti og þyrfti, ef vel ætti að vera.

Í áminstu álitsskjali sildveiðafulltrúanna er farið fram á það, að landsjóður kaupi 150000 tonnur sildar á 100 kg. og borgi þannig: Fyrstu 50000 tonnurnar með 75 aurum pr. kg., aðrar 50000 tonnurnar með 50 aurum pr. kg., þriðju 50000 tonnurnar með 40 aurum pr. kg., eða að meðaltali 55 kr. tonnuna, og hugsá þeir sjer, að landssjóður losni við þá sild þannig:

Selji Svíum 50000 tonnur, selji til Ameríku 25000 tonnur og noti til manneldis, skepnufóðurs og ef til vill til bræðslu 75000 tonnur.

En nú er það mjög svo athugasverí, að salan til Svíþjóðar er það eina, sem talist getur nokkurn veginn ábyggilegt, og þó er sá stóri hængur á, að vjer vitum ekki enn, hve hátt boð er hægt að fá hjá Svíum í sildina, eða hvort ekki geta orðið þeir annmarkar á því tilboði, að því er snertir borgunarskilmála og flutning á sildinni til Svíþjóðar, sem gæti valdið eins mikilli eða meiri áhættu en óvissan um verðupphæðina gerir nú.

Það mætti því teljast sjálfsagt, að þingið biði með ályktanir í þessu máli, þangað til full vissa væri fengin um þetta atriði, ef ekki væri komið í eindaga með málið; sildveiðarnar ættu að fara að byrja innan fárra daga og sildveiðamenn þurfa því að vita tafarlaust, á hverju þeir megi byggja.

Þjargráðanefndirnar hafa því viljað gera sitt til þess að hraða málinu, enda ekki óhugsandi, að meiri vissa fáist áður en málinu verður ráðið til lykta í þinginu.

Hvað viðvikur sildarsölunni til Ameríku, þá gera nefndirnar sjer vonir um, að hún verði möguleg án verulegs halla fyrir landssjóðinn. En þegar kemur til afgangins, sem sildveiðafulltrúarnir áætla 75000 tonnur, þá dylst oss ekki, að á svona miklum afgangi mætti telja visan skaða og hann mikinn. Nefndin veit til, að í sumum hjeruðum er mikið af sildarmjöli þegar keypt og heimflutt, og sild Englendinga hjer á landi fæst líklega til skepnufóðurs með lágu verði, en um verksmiðjuíðnað á sildinni vitum vjer ekki vel, en erum hræddir um, að á sild til hans sje ekki byggjandi hátt verð, þar sem ekki getur heitið viðunandi boð hjá Bretum í sildarlýsi eða þó síður í sildarmjöl.

Það er því bersýnilegt, að landssjóður þyrfti að græða verulega upphæð á sænsku sildinni til þess að vænta mætti, að hann slyppi án mikils skaða á öllum kaupunum, ef þau næmu 150000 tunnum og hver tunna væri keypt fyrir 55 krónur.

Af þessum ástæðum sjáum vjer oss ekki fært að leggja til, að landsjóður kaupi meira en 100000 tonnur og borgi þær þannig: Fyrri 50000 tonnurnar með 75 aurum hvert kg. og síðari 50000 tonnurnar með 45 aurum hvert kg., eða að meðaltali 60 aura hvert kg., sem gerir 6000000 króna í staðinn fyrir 8250000 eftir upphaflegri uppástungu sildveiðafulltrúanna. Í byrjun höfðu nefndirnar hugsað sjer að taka 120000 tonnur fyrir 50 kr. tonnuna að meðaltali, sem einnig gerir 6000000 kr., en svo varð það að samkomulagi við sildveiðafulltrúana að fækka tonnunum niður í 100000, en hækka verðið upp í 60 kr. á tunnu. En þar sem upphæðin er sú sama, en áhættan að voru áliti fyrir landssjóðinn engu meiri, þá vildum vjer ganga inn á þennan miðl-

unarveg, þar sem hann mun hagnafeldari fyrir sildarútgerðina, því það mun betra fyrir hana að fá sáemilegt verð fyrir það, sem veitt verður, þótt veiðin sje nokkuð takmörkuð, en of lágt verð í hlutfalli við framleiðslukostnaðinn, þótt takmörkin á veiðinni væru minni. Lengra treystum vjer oss ekki að ganga í þessu efni, en vonum hins vegar, að þetta geti orðið til þess að fleyta sildarútveginum yfir grunnboða fjártjónsins þetta árið. Þess má líka geta, að ef svo færi, að landssjóður græddi eitthvað á þessum kaupum, þá er nefndunum ekki sárt um þann gróða, og leggja því til, að $\frac{3}{4}$ hlutar hans gangi beint til seljendanna.

Nefndirnar hafa leitast við að gera sjer grein fyrir líklegri sölu landssjóðs á sildinni.

Eins og sjá má hjer að framan, fer frumvarpið fram á 100000 tonnur á 60 kr., sem verða 6000000 kr.

Gætum vjer selt Svium 50000 tonnur á 85 kr. verða það kr.	4250000
Til Ameríku 25000 tonnur á 50 kr.	— 1250000
Og innanlands 25000 tonnur á 20 kr.	— 500000

Þá fengi landssjóður..... kr. 6000000

fyrir síldina, og verðum vjer að telja mjög sennilegt, að þetta geti fengist, og ef til vill nokkru meira.

Einstakar greinar frumvarpsins þarf ekki að útlista frekar, en þó skal það tekið fram viðvikjandi 3. gr., að sem sjálfsagða staði til sildarútskipunar teljum vjer að eins Seyðisfjörð, Eyjafjörð, Siglufjörð, Reykjarfjörð, Önundarfjörð og Ísafjarðarkaupstað. En á hinn bóginn telja nefndirnar rjettlátt og mjög sanngjarnt, að hafnir eins og Eskifjörður, Ingólfsfjörður og Álftafjörður, njóti sömu hlunninda, ef það veldur ekki landssjóði verulegum aukakostnaði eða erfiðleikum við að fá skip þangað. Annars verða seljendurnir að bera þann aukakostnað, er kann að leiða af því að ná sildinni frá þessum eða öðrum aukahöfnum. Þess má geta, að á öllum þessum höfnum eru hafskipabryggjur, sem gera útskipun síldarinnar auðvelda.

Fulltrúar sildarútgerðarmanna hafa komist að þeirri niðurstöðu, að rjettasta leiðin mundi vera að jafna sildarkaupunum á einstaka sildarframleiðendur, eftir tunnueign hvers eins.

Nefndin verður að fallast á þetta, með þeirri viðbót, að þeir, sem eiga tonnur fram yfir eigin þarfir, geti keypt nýja síld af þeim, sem of fáar tonnur eiga, en verða þó að reka síldveiðar vegna annars síldveiðaundirbúnings, og er þar til tryggingar sett lágmarksverð, er vjer álitum hæfilegt.

Greiðslutími landssjóðs á andvirði síldarinnar til framleiðenda hefir oss virst hæfilegt að væri lok októbermánaðar og lok desembermánaðar. En komi síldarverðið að verulegum mun fyr inn, þykir oss eðlilegt, að seljendum sje greitt verðið að sama skapi fyr.

Annað, sem kann að vera málinu til skýringar, verður tekið fram í framsöggunni.